

Nefndasvið alþingis

b.t. velferðarnefndar

Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 4. mars 2019

Efni: Fæðingar- og foreldraorlof, lenging fæðingarorlofs, 154. mál lagafrumvarp

Dýralæknafélag Íslands vill í umsögn sinni um frumvarp um lengingu fæðingarorlofs ítreka það sem fram kom í bréfi félagsins til Félags- og jafnréttismálaráðherra dagsettu 7. apríl 2017. Þar segir:

Undirrituð formaður Dýralæknafélags Íslands óskar eftir að 11. gr. fæðingarorlofslaga nr. 95/2000 (ffl) verði endurskoðuð með hagsmuni dýralækna, sem starfa sjálfstætt og greiða öll gjöld, að leiðarljósi. Samkvæmt núgildandi lögum nær 11. gr. laganna um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum ekki til sjálfstætt starfandi dýralækna þrátt fyrir að þeir greiði öll gjöld. Heimild til lengingar greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði vegna öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum skv. 11. gr. ffl. tekur einvörðungu til starfsmanna skv. 2. mgr. 7. gr. ffl. en ekki til þeirra sem eru sjálfstætt starfandi einstaklingar skv. 3. mgr. 7. gr. ffl. Skilgreining á sjálfstætt starfandi einstakling er sá sem starfar við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi. Í samræmi við það geta t.d. einstaklingar sem starfa hjá eigin ehf. fyrirtæki ekki átt rétt til öryggislengingar skv. 11. gr. ffl.

A.m.k tveir úrskurðir hafa fallið hjá úrskurðarnefnd velferðarmála þar sem þessi túlkun hefur verið staðfest, sbr. mál nr. 56/2008 og 36/2011.

Rök Dýralæknafélags Íslands eru þau að einyrkjar í dýralækningum í sjálfstæðum atvinnurekstri sem standa skil á öllum opinberum gjöldum hafa, samkvæmt skilningi félagsins jafnan rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði á við dýralækna sem eru starfsmenn fyrirtækis.

Sjálfstætt starfandi dýralæknir sem er barnshafandi neyðist, miðað við túlkun laganna að taka á sig viðbótartekjutap þær vikur sem hún neyðist til að hætta fyrr að vinna vegna öryggisástæðna.

Þess má geta að barnshafandi dýralæknar í sjálfstæðum atvinnurekstri neyðast enn fremur til þess að leggja á sig langan akstur einar síns liðs, stopulan aðgang að salerni, mat og drykk, óreglulegan vinnutíma með rofnum/takmörkuðum nætursvefni, auk þeirrar augljósu hættu sem fylgir því að eiga við skepnur, stórar sem smáar sem geta sparkað eða brugðist við á annan slíkan hátt, sjúkdóma, lyf, gufur og röntgengeisla.

Sú staðreynd að kona í sjálfstæðum atvinnurekstri þurfi að taka á sig tekjutap sem hún þyrfti ekki að taka á sig ef hún væri starfsmaður hjá öðrum aðila en sjálfri sér, er að mati DÍ mismunun á þessum hópi sem á ekki við rök að styðjast. Óskar félagið því eftir að endurskoðun á fæðingarorlofslögunum taki mið af því að bæta stöðu þessa hóps.

F. h. Dýralæknafélags Íslands



Charlotta Oddsdóttir, formaður